

# Ársfundur Guðfræðistofnunar 2009-2010

2. mars 2011

## Skýrsla stjórnar

### *Inngangur*

Síðasti ársfundur Guðfræðistofnunar var haldinn 11. mars 2009. Ýmsar ástæður hafa valdið því að ársfundur var ekki haldinn á sl. ári m.a. sú að unnið var að samþykkt reglna fyrir undirstofnanir Hugvísindastofnunar Háskóla Íslands en Guðfræðistofnun er nú ein þeirra. Nýjar reglur fyrir Guðfræðistofnun tóku gildi 1. október 2010 og var tilskilið þar að stjórn stofnunarinnar skyldi halda umboði sínu fram að næsta ársfundi. Ekki reyndist unnt að kalla til ársfundar á haustmisseri eins og fyrri reglur kváðu á um og því er ársfundur haldinn nú. Í nýjum reglum segir að ársfundi kjarnastofnana Hugvísindastofnunar skuli halda á fyrsta ársfjórðungi hvers árs (sbr. 6. gr. Reglna fyrir Guðfræðistofnun).

Guðfræðistofnun er ein af kjarnastofnunum Hugvísindastofnunar og situr formaður stórnar Guðfræðistofnunar í stjórn Hugvísindastofnunar ásamt forstöðumönnum annarra kjarnastofnana Hugvísindastofnunar. Trúarbragðastofa heyrir áfram undir Guðfræðistofnun.

### *Stjórn Guðfræðistofnunar*

Núverandi stjórn var kjörin á deildarfundi Guðfræði- og trúarbragðafræðideildar 20. mars 2009. Hana skipa Einar Sigurbjörnsson, varamaður hans Arnfríður Guðmundsdóttir, Gunnlaugur A. Jónsson, varamaður hans Jón Ma. Ásgeirsson, og Pétur Pétursson, varamaður hans Kristján Valur Ingólfsson. Stjórn Félags guðfræðinema tilnefndi sem fulltrúa stúdenta Guðmund Björn Þorbjörnsson. Stjórnin kaus Einar Sigurbjörnsson forstöðumann. Guðmundur Björn lauk embættisprófi vorið 2009 en skv. venju hélt hann umboði sínu. Hann hefur nú horfið til framhaldsnáms erlendis.

2011

Nýjar starfsreglur fyrir Guðfræðistofnun kveða á um annars konar skipan stjórnar en hingað til hefur gilt. Skv. 5. gr. nýju starfsreglnanna á forseti Hugvísindasviðs að skipa stofnuninni þriggja manna stjórn til þriggja ára skv. eftirfarandi reglum:

1. Félagar í Guðfræðistofnun tilnefna, á grundvelli kosningar á ársfundi, formann stjórnar úr hópi fastra kennara.
2. Einnig tilnefnir ársfundur einn meðstjórnanda og annan til vara úr hópi félaga og skal að minnsta kosti annar þeirra vera fastur kennari.
3. Þriðji stjórnarmaðurinn er að jafnaði doktorsnemi á fagsviði stofnunarinnar sem Félag doktorsnema á Hugvísindasviði hlutast til um að þeir velji úr sínum hópi.

Í framhaldi segir að einungis félagar í Guðfræðistofnun geti setið í stjórn og meðstjórnandi sé varaformaður stjórnar ef hann er fastur kennari. Ef hann er það ekki skal varamaður í stjórn taka sæti formanns ef hann forfallast eða þarf að víkja sæti.

### *Fjárhagsstaða*

Guðfræðistofnun nýtur ekki sjálfstæðrar fjárveitingar heldur fær úthlutað fé af fjárveitingu Hugvísindasviðs til Hugvísindastofnunar.

### *Málstofur og málþing*

#### **Málstofur og málþing 2009**

#### **Málstofur Guðfræðistofnunar 2009**

23. febrúar: Dr. Sigríður Guðmarsdóttir: „[Þrúgur reiðinnar. Nauðgun náttúrunnar.](#)

[Apókalyptík, konur og fagurbókmenntir.](#)“

9. mars: Dr. Haukur Ingi Jónasson lektor: „[Kreppuguðfræði og guðfræðileg djásn.](#)“

23. mars: [Að tala um Guð eftir Auschwitz. Málstofa um Elie Wiesel.](#)

Erindi fluttu:

Stefán Einar Stefánsson, cand. theol.: „Nótt Elie Wiesels og þýðing hennar á íslensku.“

Dr. Arnfríður Guðmundsdóttir prófessor: „Að tala um Guð eftir Auschwitz.“

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson prófessor: „„Gadol b'Israel“ - Af vitnisburði Wiesels í minningu hinna dánna.“

Málstofustjóri var dr. Pétur Pétursson prófessor.

15. maí: Kallistos Ware prófessor emeritus frá Oxford háskóla: „[Orthodox Spirituality.](#)“

2011

18. september: Sr. Berit Okkenhaug: „[What Kind of Pastoral Care Do We Want? Different Theoretical Positions and Clinical Consequences.](#)“
21. október: Dr. Petri Loumanen prófessor við Helsinki háskóla: „[A History of Social Scientific Approaches Applied to the Study of the New Testament.](#)“
16. nóvember: Dr. Gordon Lathrop prófessor við Lutheran School of Theology: „[A Liturgical Theologian looks again at Eucharistic Origins.](#)“
23. nóvember: Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir dósent: „[Ný guðfræði hjónabandsins: Mikil eða lítil breyting?](#)“

### Málþing Guðfræðistofnunar

6. nóvember: Þjóðkirkja verður til. Málþing í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá almennri prestastefnu á Þingvöllum 1909. Málþinginu stýrði Sólveig Anna Bóasdóttir, dósent..

Erindi fluttu:

Hjalti Hugason próf.: Samband ríkis og kirkju og prestastefnan 1909.

Pétur Pétursson próf.: Um Þórhall biskup Bjarnarson og kirkjuskilning hans.

Dr. Sigríður Guðmarsdóttir: Frelsið, reynslan og jafnréttið í skuggsjá prestastefnunnar 1909.

Arnfríður Guðmundsdóttir próf.: Valgerður biskupsfrú og kvennabaráttan í upphafi 20. aldar.

Jón Ma. Ásgeirsson próf.: Altarissakramentið: Frá sálarrannsóknnum til hugsunarvísinda.

Gunnlaugur A. Jónsson próf.: "Faðir minn var umreikandi Aramei." Fornar trúarjátningar Gamla testamentisins og umræður um trúarjátningar á prestastefnu 1909.

Dr. Sigurjón Árni Eyjólfsson: Lúther „sannur menntunar-, ættjarðar- og frelsisvinur». Lúthertúlkun á Íslandi um aldamótin 1900.

### Málstofur og málþing Trúarbragðafræðistofnu 2009

15. janúar: „[Andlát og útför í ólíkum trúarbrögðum.](#)“ Ráðstefna um siði og hefðir í tengslum við andlát og útför í ólíkum trúarbrögðum haldin í Norræna húsinu í samstarfi við Samráðsvettvang trúfélaga á Íslandi og Alþjóðahús Fundastjórks: Irma Sjöfn Óskarsdóttir. Pallborðsstjóri: Ása Björk Ólafsdóttir.

Erindi fluttu:

2011

Dr. Sveinn Eggertsson lektor: „Merking trúarlegra siða í tengslum við andlát.“

Þórsteinn Ragnarsson forstjóri Kirkjugarða Reykjavíkurprófastsdæma: „Þjónusta kirkjugarða í fjölmenningsamfélagi.“

Sr. Kristján Valur Ingólfsson verkefnastjóri á Biskupsstofu: „Nýjunar í lagaumhverfi útfararinnar.“

Sr. Jakob Rolland frá rómversk-kaþólsku kirkjunni: „Hvað skiptir máli við andlát og útför?“

Salmann Tamimi formaður Félags múslima á Íslandi: „Hvað skiptir máli við andlát og útför?“

Hólmfríður Sigurðardóttir frá bahá'íum: „Hvað skiptir máli við andlát og útför?“

Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði Ásatrúarfélagsins: „Hvað skiptir máli við andlát og útför?“

26. janúar: Dr. Magnús Þorkell Bernharðsson lektor: „[Hvað þarf Obama að vita um Írak?](#)“

26. febrúar: Dr. Sigurður Pálsson menntunar- og guðfræðingur: „[Trúarbragðafræðsla í skólakerfinu. Tímaskekkja eða nauðsyn?](#)“

30. mars: Dr. Gísli Gunnarsson prófessor: „[Skynsemishyggja og/eða trú.](#)“

4. apríl: Málþing um trúarstef í verkum Halldórs Laxness, „[Að lesa Laxness upp á nýtt! New Readings on Halldór Laxness!](#)“. Málþingsstjóri: Dr. Helga Kress prófessor í almennri bókmenntafræði.

Erindi fluttu:

Dr. Fred Woods prófessor í guðfræði við Brigham Young University í Utah: „Laxness and the Latter-Days Saints: Facts behind the Fiction of Paradísarheimt.“

Dr. Gunnar Kristjánsson prófastur: „„Kassafjalir í gluggum ...“ Um embættisskilning séra Jóns Þrímusar í Kristnihaldi undir Jökli.“

Dr. Hjalti Hugason prófessor í guðfræði: „Að lesa Íslandsklukkuna í kreppunni.“

Dr. Pétur Pétursson prófessor í guðfræði: „Hallelúja-brúðkaup og óþekkt ástarsaga í Sölku Völku.“

15. apríl: Njörður P. Njarðvík prófessor emeritus í íslenskum bókmenntum: „[Dalai Lama: Boðberi friðar og umburðarlyndis.](#)“

25. ágúst: Dr. Daniel J. Lasker prófessor við Ben-Gurion háskóla Negev, Beer-Sheva, í Ísrael: „[Philosophical Aspects of the Medieval Jewish-Christian Debate.](#)“

9. nóvember: Bjarni Randver Sigurvinsson guðfræðingur og Pétur Björgvin Þorsteinsson Evrópufræðingur (MA): „[Ahmadiyyamúslimar á Íslandi.](#)“

2011

9. desember: Málþing í samvinnu við Samráðsvettvang trúfélaga og Alþjóðahús í Neskirkju: „[Trú og fordómar](#).“ Fundastjórn: Margrét Steinarsdóttir lögfræðingur og fyrrverandi framkvæmdastjóri Alþjóðahúss.

Erindi fluttu:

Pétur Björgvin Þorsteinsson Evrópufræðingur (MA): „Fordómar í garð trúarbragða: Af íslamfælni, votta-Jehóva fælni, öfgafælni og öðrum andfjöltrúarlegum viðhorfum sem þáttum útlendingafælni (xenophobia).“

Adam Anbari frá Menningarsetri múslima á Íslandi: „Trú og fordómar.“

Eygló Jónsdóttir frá SGI Búddistum: „Trú og fordómar.“

Guðlaug Tómasdóttir frá Veginum: „Trú og fordómar.“

Hilmar Örn Hilmarsson allsherjargoði frá Ásatrúarfélaginu: „Trú og fordómar.“

#### Málstofur og málþing 2010

#### Málstofnur Guðfræðistofnunar

11. jan. Dr. Daniel Olson prófessor við Wartburg Seminary: *The Results are In! Premarital Counseling is Effective: Exploring factors that make Premarital Counseling Work.*
18. jan. Dr. Sigrún Gunnarsdóttir lektor: *Þjónandi forysta.*
15. feb. Dr. Gunnar Kristjánsson: *Kirkja grasrótartinnar.*
9. apríl Dr. Thomas Zippert: *Nationality and Culture.*
19. maí Dr. Elisabeth Schüssler Fiorenza prófessor við Harvard Divinity School: *Re-visioning Christian Origins.*
6. sept. Dr. Paul T. Nimmo kennari við Háskólann í Edinborg: *Karl Barth and the Eucharist: Trinity, Obedience and Witness.*
15. sept. Dr. Karl William Weyde prófessor við Háskólann í Ósló: *Prophecy as massa: Why are some prophetic texts introduced by this term?*
29. nóv. Dr. Hjalti Hugason prófessor: *Samband ríkis og kirkju: Aðgreining eða aðskilnaður?*

#### Málþing Guðfræðistofnunar

24. apríl: „Hafi ég fundið náð í augm þínum“ Málþing í minningu Beatrice W. Bixon (1938-2009). Málþinginu stýrði Einar Sigurðsson, fyrrverandi Landsbókavörður.

2011

Erindi fluttu:

Gunnlaugur A. Jónsson, próf.: „Þegar sonur þinn spyr þig.“ Kennsla barna í 5. Mósebók.

Þórður Ingi Guðjónsson: „Hversu muntu höllina gera?“ Um myndmálið í Tómas sögu postula.

Ninna Sif Svavarsdóttir: Hanna og trúarlíf kvenna í Gamla testamentinu.

Ásdís Egilsdóttir próf.: Skjaldmey Dróttins. Frásögnin af Hildi einsetukonu í Jóns sögu helga.

Jón Ma. Ásgeirsson, próf.: Vagga kristinnar í ljósi opinberunarrita síðgyðingdómsins.

Úlfar Bragason: „Ég á orðið einhvern veginn ekkert föðurland.“ Fólksflutningar og tungumál.

#### Málstofur Trúarbragðafræðistofu

18. okt. Eggert Sólberg Jónsson þjóðfræðingur: *Endursköpun ásatrúar fyrr og nú.*

15. nóv. Jakub Kadlec forseti tibetísku búddhistafélags Tékklands: *Great Way (Mahayana) – absolute and relative Bodhichitta.*

16. nóv. Dr. Iftikhar Ayaz fyrrverandi forseti félags Ahmadiyyamúslima í Bretlandi: *Islamic Approach to Peace: Muslims' Contribution to Interfaith Dialogue and Relations.*

#### Málþing Trúarbragðafræðistofu

19. feb. *Hefndin og réttlæti Drottins.* Málþingið var haldið í Þjóðminjasafninu.

Dagskrá:

Dr. Sigríður Guðmarsdóttir málþingsstjórnandi: *Ávarp.*

Dr. Jónas Eliasson prófessor emeritus: *Hefnd og réttlæti Drottins. Hvað segja fræðin?*

Dr. Kristinn Ólason rektor Skálholtsskóla: *„Til að gæta réttar munaðarleysingja og ekkna.“ Um refsirétt, skaðabætur og sáttamiðlun í Kódex Hammúrabi og Biblíu kristinna manna.*

Dr. Gunnlaugur A. Jónsson prófessor: *„Lát heldur réttinn vella fram sem vatn og réttlætið sem sírennandi læk.“ Um afstöðu svonefndra dómsspámana Gamla testamentisins til réttar og réttlætis.*

Dr. Páll Sigurðsson prófessor: *Hefndir og hefndarréttur.*

2011

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir dósent: *Hvað er refsing? Um markmið refsinga í sögu og samtíð.*

Dr. Pétur Pétursson prófessor: *Lýst er eftir reiðum og réttlátum Guði!*

Pétur Pétursson hafði umsjón með málstofum og málþingum Guðfræðistofnunar og Trúarbragðastofu.

#### *Ritröð Guðfræðistofnunar*

Á árunum 2009 og 2010 komu út fjögur hefti Ritraðarinnar, hefti nr. 28, 29, 30 og 31. Öll heftin geymdu blandað efni.

Í ritnefnd Ritraðarinnar sitja Gunnlaugur A. Jónsson, Pétur Pétursson og Sólveig Anna Bóasdóttir og hefur Sólveig Anna gegnt starfi ritstjóra.

#### *Hugvísindaping*

Guðfræðistofnun átti aðild að Hugvísindapingi 2009 og 2010. Hugvísindaping 2009 var haldið 13. og 14. mars og Hugvísindaping 2010 var haldið 5. og 6. mars.

#### *Starfssjóður Guðfræðistofnunar*

Samkvæmt ársreikningi fyrir ár 2008 var eigið fé Starfssjóðsins í árslok kr. 12.151.901. Þar af var óbundinn höfuðstóll kr. 1.489.290. Þetta var töluverð rýrnun frá árinu 2007 þegar samsvarandi tölur voru 13.969.338, þar af óbundinn höfuðstóll kr. 4.805.801.

Samkvæmt ársreikningi fyrir ár 2009 var eigið fé sjóðsins samtals 13.094.343, þar af óbundinn höfuðstóll kr. 1.511.476. Ritstjórn Ritraðar Guðfræðistofnunar fór fram á að fá styrk af óbundum höfuðstóli Starfssjóðsins til að styrkja útgáfu Ritraðarinnar og var á árinu 2009 veittur styrkur upp á kr. 387.774. Ritstjórnin hefur farið þess á leit við stjórn Guðfræðistofnunar að fá styrk að upphæð kr. 150.000 á yfirstandandi ári og hefur stjórnin fyrir sitt leyti samþykkt þá beiðni.

Ársreikningur fyrir ár 2010 liggur ekki fyrir ennþá en vörslumaður sjóðsins telur líklegt að tölur verði hagstæðari fyrir það ár en undanfarin tvö ár.

#### *Símenntunarnámskeið*

Guðfræði- og trúarbragðafræðideild og íslenska þjóðkirkjan gerðu á árinu 2007 með sér samning um endurmenntunar- og símenntunarnámskeið fyrir presta og djákna. Deildin fól Guðfræðistofnun vinnu við skipulag þeirra námskeiða og situr Pétur Pétursson fulltrúi stofnunarinnar í nefnd um símenntun ásamt fulltrúum Biskupsstofu,

2011

Prestafélags Íslands, Djáknafélags Íslands og rektor Skálholtsskóla. Á grundvelli þessa samnings hafa verið haldin símenntunarnámskeið: Um helgisiði og guðfræði guðsþjónustunnar í umsjón prófessors Gordon Lathrops frá Bandaríkjunum, um stjórn og skipulag í safnaðarstarfi með próf Per Hanson, um Sálgæslu í krefjandi aðstæðum með lektor Berit Okkenhaug frá Modum Bad, og um kvennaguðfræði og kvennasiðfræði með próf. Arnfríði Guðmundsdóttur og Sóveigu Önnu Bóasdóttur. Á vormisseri 2011 verður námskeið um leiðtogafræði og safnaðaruppbyggingu með próf. Pétri Péturssyni og Ásdís Emilsd Petersen. Vegna mikils mikils niðurskurðar hjá þjóðkirkjunni hefur hún ekki getað staðið við sinn hlut í þessum samningi með fjárframlögum fyrir árið 2011.

*Alþjóðlegt samstarf*

Starfsmenn Guðfræðistofnunar hafa verið virkir í norrænum og alþjóðlegum samstarfsverkefnum.

Reykjavík, 2. mars 2011

Í stjórn Guðfræðistofnunar

Einar Sigurbjörnsson

Gunnlaugur A. Jónsson

Pétur Pétursson

Guðmundur B. Þorbjörnsson